



Sigríður Birna Lárusdóttir

Fædd 2. mars 1936

Dáin 18. júlí 2022



Útför frá Lindakirkju
miðvikudaginn 27. júlí 2022



Forspil

Air

J. S. Bach

Bæn

Dag í senn, eitt andartak í einu,
eilíf náð þín, faðir, gefur mér.
Mun ég þurfa þá að kvíða neinu,
þegar Guð minn fyrir öllu sér?
Hann sem miðlar mér af gæsku sinni
minna daga skammti' af sæld og þraut,
sér til þess, að færa leið ég finni
fyrir skrefið hvert á lífs míns braut.

Hann, sem er mér allar stundir nærri,
á við hverjum vanda svar og ráð,
máttur hans er allri hugsun hærrí,
heilög elska, viska, föðurnáð.
Morgundagsins þörf ég þekki eigi,
það er nóg, að Drottinn segir mér:
Náðin mín skal nægja hverjum degi,
nú í dag ég styð og hjálpa þér.

Guð, ég fæ af fyrirheitum þínum
frið og styrk, sem ekkert buga má.
Auk mér trú og haltu huga mínum
helgum lífsins vegi þínum á,
svo að ég af hjartabeli hreinu,
hvað sem mætir, geti átt með þér
daginn hvern, eitt andartak í einu,
uns til þín í ljóssins heim ég fer.

Lina Sandell-Berg / Sigurbjörn Einarsson - O. Ahnfelt 1872

Ritningarlestur

Snert hörpu mína, himinborna dís,
svo hlusti englar Guðs í Paradís.
Við götu mína fann ég fjalarstúf
og festi á hann streng og rauðan skúf.

Úr furutré sem fann ég út við sjó
ég fugla skar og líka úr smiðjumó.
Í huganum til himins oft ég svíf
og hlýt að geta sungið í þá líf.

Þeir geta sumir synt á læk og tjörn,
og sumir verða alltaf lítil börn.
En sólin gyllir sund og bláan fjörð
og sameinar með töfrum loft og jörð.

Ég heyri í fjarska villtan vængjabyt.
Um varpann leikur draumsins perluglit.
Snert hörpu mína, himinborna dís,
og hlustið, englar Guðs í Paradís.

Davíð Stefánsson - Atli Heimir Sveinsson

Guðspjall

Drottinn er minn hirðir, mig mun ekkert bresta.
Á grænum grundum lætur hann mig hvílast,
leiðir mig að vötnum þar sem ég má næðis njóta.
Hann hressir sál mína, leiðir mig um rétta vegu
fyrir sakir nafns síns.
Jafnvel þótt ég fari um dimman dal, óttast ég ekkert illt,
því að þú ert hjá mér,
sproti þinn og stafur hugga mig.
Þú býr mér borð frammi fyrir fjendum mínum,
þú smyr höfuð mitt með olíu,
bikar minn er barmafullur.
Já, gæfa og náð fylgja mér alla ævidaga mína,
og í húsi Drottins bý ég langa ævi.
Drottinn er minn hirðir, mig mun ekkert bresta.

23. Davíðssálmur - Margrét Scheving

Minningarorð

Heyr mína bæn

Ólafur Gaukur - Mario Panzeri

Bæn

Megi gæfan þig geyma,
megi Guð þér færa sigurlag.
Megi sól lýsa þína leið,
megi ljós þitt skína sérhvern dag.
Og bænar bið ég þér,
að ávallt geymi
þig Guð í hendi sér.

Írsk bæn / Bjarni Stefán Konráðsson

Faðir vor

Hér ríkir himneskur friður,
hljótt er á bænarstund.
Krýp ég að krossinum niður,
kominn á Drottins fund.
Í kórnum hjá krossinum stendur
Kristsmýndin, og ég sé
útréttar hans mildu hendur
helgandi þeirra vé.

Kyrirt er, svo kallið má heyra:
„Komið til mín allir þér.“
Berast þau boð hverju eyra.
Blessun þau færa mér.

Pétur Sigurgeirsson - Herbert G. Tovey raddsetti

Moldun

Nú legg ég augun aftur,
ó, Guð, þinn náðarkraftur
mín veri vörn í nótt.
Æ, virst mig að þér taka,
mér yfir láttu vaka
þinn engil, svo ég sofi rótt.
Ég fel í forsjá þína,
Guð faðir, sálu mína,
því nú er komin nótt.
Um ljósið lát mig dreyma
og ljúfa engla geyma
öll börnin þín, svo blundi rótt.

Foersom / Sveinbjörn Egilsson - P. C. Crossing

Matthías Jochumsson - P. C. Crossing

Blessun

Eftirspil

Líttu sérhvert sólarlag

Bragi Valdimar Skúlason

Prestur: Sr. Guðni Már Harðarson
Tónlistarstjóri: Óskar Einarsson
Þverflauta: Fanny K. Tryggvadóttir
Söngur: Gospeltónar: Hrönn Svansdóttir,
Fanny K. Tryggvadóttir og
Óskar Einarsson
Umsjón útfarar: Útfararstofa Kirkjugarðanna

Þökkum auðsýnda samúð.

*Að lokinni athöfn verður erfidrykkja í
Borgum, safnaðarheimili Kópavogskirkju,
Hábraut 1A.*